



//Á döfinni//

...: Jólaprófin ...:

Jólapróf hefst þriðjudaginn

8. desember og þeim lýkur mánudaginn **14. desember**.

Að jafnaði er eitt próf á dag. Kennt er samkvæmt stundaskrá þessa daga.

...: Föndurdagur ...:



Föndurdagurinn verður þriðjudaginn **15. desember**. Þá

föndrum við og skerum út laufabrauð. Gott er að nemendur taki með sér kerti til að skreyta, laufabrauðshníf og ílát undir laufabrauðið.



Gaman væri ef allir tækju með sér jólasveinahúfu.



...: Jólarí ...:

Miðvikudaginn 16. desember er jólarí. Þann dag eru lokaæfingar fyrir litlu jólin. Síðustu forvöð að setja jólakortin í póstkassa skólans.

...: Generalprufa ...:

Fimmtudaginn 17. desember verður generalprufa kl. 09:00 - 10:00. Eftir jólahlaðborð verður jólasýning fyrir leikskólann og okkur sjálf kl. 13:00 - 14:00

Við streymum frá sýningunni



// Fréttir frá Laugalandsskóla //

...: Skólahald í Laugalandsskóla ...:

Skólahald hjá okkur í Laugalandsskóla hefur gengið vel í haust, þrátt fyrir "Covid" tímabilið.

Við erum það lánsöm að rými skólans er mikið miðað við nemendafjölda í hópum. Því höfum við ekki þurft að skerða starfið eða kennsludaginn hjá okkur. Allir nemendur hafa stundað sitt nám á hverjum degi og skóladagurinn hefur verið jafnlangur og venjulega.

Við leggjum nú í desember, og senn verða jólaprófin, undirbúningur að litlu-jólunum, föndurdagurinn og allar skemmtilegu hefðirnar sem við hlökkum svo til að taka þátt í. Við getum því miður ekki fengið til okkar forráðamenn 1. – 4. bekkjar á föndurdaginn eins og hefð er fyrir, og ekki heldur neina gesti á litlu-jólaskemmtunina. En við höldum sýningu fyrir okkur og leikskólanemendur í skólanum. Við tókum hana upp og stefnum á að streyma frá henni líka, svo allir geti notið hennar og "upplifað á staðnum" eða skoðað hana seinna þegar þeim hentar. Þið sjáið hér dagskrána hjá okkur fram að jólafríi.

Starfsfólk skólans, þakkar fyrir haustönnina og óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Nemendur í 3. bekk í fiðlunámi æfa sig fyrir jólasýninguna

...: Bókasafnið á Laugalandi ...:

Nú er aðventan gengin í garð og fullt af spennandi jólabókum komnar á safnið. Vinsamlegast greiðið árgjaldið sem er 1500 kr. á hvert heimili í Ásahreppi og gömlu Holta- og Landsveit inn á reikning **0308-26-1750 kt.621215-1750**. Athugið að setja í skýringar árgjald bókasafns- þegar greitt er í heimabanka. Verið velkomin á bókasafnið.



...: Litlu jólin ...:

Föstudaginn 18. desember
höldum við okkar hefðbundnu
litlu jól frá kl. 09:30-11:00.

Að venju aka skólabílar
nemendum til og frá
skóla.

Kl. 09:30 - 10:00 verða
nemendur í stofum



sínum með umsjónar-
kennurum og skiptast á jóla-
kortum.

Frá kl. 10:10-10:45 verður dansað
og sungið í kringum jólatré með
hjálp frá tónlistavalinu.

10:45 - 11:00

Ís og mandarínur. Nemendur fá
afhentar einkunnir í stofum og
jólaleyfi hefst.



...:Skólabyrjun:...:

Skólahald hefst aftur að loknu
jólaleyfi þriðjudaginn 5. janúar
2021 samkvæmt stundaskrá kl.
08:30.



Hjólasmíðir, Gabríel Máni og
Daníel Óskar

...: Jólalestrarbingó ...:

Við brydduðum upp á þeirri nýjung í jólafríinu í fyrra að nemendur fengu lestrar-
hvetjandi bingó með sér heim þar sem þau áttu að leysa ákveðin verkefni samhliða lestri.
Verkefnin voru misjöfn og ekki þau sömu fyrir allan aldur. Rétt rúmlega 50% nemenda við
skólann tóku þátt í þessu verkefni og voru 2 þátttakendur úr hverjum aldursflokk dregnir úr
pottinum og fengu að launum bókaverðlaun. Við ætlum að endurtaka leikinn og stefnum á
a.m.k. 75% þátttöku, enda verða vegleg bókaverlaun í boði fyrir verðandi lestrarhesta.
Markmiðið hjá okkur er að ýtia undir yndislestur og auka um leið lesfimi nemenda.



...: Jól í skókassa ...:

Margir nemendur Laugalandsskóla tóku þátt í verkefninu jól í skókassa í ár. Við erum
ákaflega ánægð að sjá hversu margir nemendur og þá um leið foreldrar gátu séð sér
fært að taka þátt í þetta sinn. Verkefnið er alþjóðlegt verkefni sem felst í því að fá börn
jafnt sem fullorðna til þess að gleðja önnur börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og
erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir. Hér fyrir neðan má sjá nemendur í 1.-6. bekk
ásamt öllum gjöfunum sem eflaust munu ná að gleðja mörg börn úti í heimi.

